*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 139/1953*
*komudagur 5. 4. 2011*

Félag íslenskra sjúkraþjálfara

**Reykjavík, 4. apríl 2010**

**Frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn, 575. mál.**

Stjórn Félags íslenskra sjúkraþjálfara (FÍSÞ) fagnar því að fá til umsagnar drög að frumvarpi til laga um heilbrigðisstarfsmenn

Félag íslenskra sjúkraþjálfara er fagfélag sjúkraþjálfara á Íslandi og nær til svo til allra sjúkraþjálfara landsins.

Við beinum þeirri ósk til hlutaðeigandi að félaginu verði boðin þátttaka í undirbúnings-nefndum sem fjalla um málefni fagsins og stéttarinnar og getum þannig lagt okkar lóð á vogarskálarnar strax í upphafi. Forsvarsmenn félagsins hafa um nokkurra ára skeið boðist til þátttöku í slíkri vinnu í bréfum og á fundum með fyrrum ráðherrum og fulltrúum hans. Einnig hefur stjórn FÍSÞ reynt að fylgjast með því hvenær lög um heilbrigðisstarfsmenn verði tekin til umfjöllunar og endurskoðunar. Lög um sjúkraþjálfun nr. 58 frá 1976 munu falla úr gildi og ný reglugerð verður samin um stéttina. Félag íslenskra sjúkraþjálfara gerir þá sjálfsögðu kröfu að koma að gerð þeirrar reglugerðar strax í fyrstu skrefum þeirrar vinnu.

**Sjórn FÍSÞ gerir ekki athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.**

Virðingarfyllst,

Stjórn Félags íslenskra sjúkraþjálfara

Héðinn Jónsson
Arna Elísabet Karlsdóttir
Ása Dagný Gunnarsdóttir
Anna Sólveig Smáradóttir
Unnur Árnadóttir

Engjavegi 6
104 Reykjavík

physio@physio.is
www.physio.is

sími 568 7661
fax 514 4001